Sparisjóður Höfðhverfinga

Ársreikningur 2007

Sparisjóður Höfðhverfinga
Ægissíðu 7
610 Grenivík

Kt. 610269-6569

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ... 3

Áritun óháðs endurskoðanda 4

Rekstrarreikningur 5

Efnahagsreikningur 6

Sjóðstreymisyfirlit 8

Skýringar 9

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Ársreikningur Sparisjóðs Höfðhverfinga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi 2007 nam hagnaður ársins 38,6 millj.kr. en bókfært eigið fé í lok árs nam 203,9 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 14,3% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn sjóðsins leggur til að greiddur verði 10% arður til stofnfjáraðila á árinu 2008 vegna ársins 2007. Auk þess er lagt til að nýtt verði heimild í lögum um sérstakt endurmat stofnfjár og það hækkað um 5%. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum er vísað til ársreikningsins.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 40,7 millj.kr. og skiptist það í 800 hluti sem eru í eigu 79 aðila.

Á árinu störfuðu 5,2 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum í 4,2 stöðugildum og námu launagreiðslur samtals 24,8 millj. kr.

Stjórn Sparisjóðs Höfðhverfinga og sparisjóðsstjóri staðfesta ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Grenivík, 19. mars 2008

Stjórn:

Jakob Óskarsson
Jón Þorsteinn
Heimir Ásgeirsson
Juliane Kaunert
Oddný Jóhannsd.

Sparisjóðsstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda Sparisjóðs Höfðhverfinga.

Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Höfðhverfinga fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2007, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grenivík, 19. mars 2008

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

Árni Árnason

Reynir Stefán Gylfason

Rekstrarreikningur ársins 2007

	Skýr.	2007	2006
Vaxtatekjur:			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		5.864.798	31.694.361
Vaxtatekjur af útlánum		122.578.453	120.717.197
Vaxtatekjur af markaðsbréfum		54.579.943	2.642.521
	4	183.023.194	155.054.079
Vaxtagjöld:			
Vaxtagjöld til lánastofnana		9.342.431	10.167.426
Vaxtagjöld af innlánum		105.317.531	65.232.387
Vaxtagjöld af lántöku		27.644.035	28.946.937
Vaxtagjöld af víkjandi lánum		6.751.351	7.016.702
	4	149.055.348	111.363.452
Hreinar vaxtatekjur		33.967.846	43.690.627
Aðrar rekstrartekjur:			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum	5,28,29	2.421.304	72.381
Þjónustutekjur	6	10.667.633	11.583.819
Þjónustugjöld		(1.733.972)	(1.808.732)
Gengishagnaður	14	46.342.409	28.647.200
Ýmsar rekstrartekjur	15	1.007.114	1.630.654
		58.704.488	40.125.322
Hreinar rekstrartekjur		92.672.334	83.815.949
Önnur rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	16,17	29.219.698	29.071.940
Annar rekstrarkostnaður		30.776.668	28.826.797
Afskriftir rekstrarfjármuna	11,31	213.730	248.919
		60.210.096	58.147.656
Framlag í afskriftarreikning útlána	9,26	(5.649.867)	(6.146.275)
Hagnaður fyrir skatta		26.812.371	19.522.018
Tekjuskattur	30	11.750.288	0
Hagnaður ársins	38	38.562.659	19.522.018

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2007	2006
Sjóður og kröfur á lánastofnanir:			
Sjóður		5.852.156	5.894.401
Kröfur á lánastofnanir	21	316.142.434	487.708.090
Sjóðir og kröfur á lánastofnanir samtals		321.994.590	493.602.491
Útlán:			
Útlán til viðskiptamanna	8,9	863.105.387	841.998.075
Fullnustueignir		7.607.871	10.409.624
Útlán samtals	22-26	870.713.258	852.407.699
Skatteign	30	11.750.288	0
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:			
Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	10,27	89.496.749	37.390.255
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	10,28	249.971.585	142.026.263
Hlutir í hlutdeildarfélögum	2,29	2.700.881	1.910.393
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum samtals		342.169.215	181.326.911
Aðrar eignir:			
Rekstrarfjármunir	11,31	12.364.796	11.284.061
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur		3.432.802	3.682.793
Aðrar eignir samtals		15.797.598	14.966.854
Eignir samtals		1.562.424.949	1.542.303.955

31. desember 2007

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2007	2006
Skuldir við lánastofnanir	34	40.230.347	37.340.569
Innlán:			
Óbundin innlán		663.791.632	726.138.913
Bundin innlán	35	224.099.860	202.063.617
Innlán samtals		887.891.492	928.202.530
Lántaka	36	353.912.589	339.165.409
Aðrar skuldir:			
Ýmsar skuldir		11.257.202	7.879.826
Áfallin gjöld		8.443.126	7.076.163
Aðrar skuldir samtals		19.700.328	14.955.989
Víkjandi lán	12,37	56.824.775	53.679.045
Eigið fé:			
Stofnfé	38	40.655.683	36.576.483
Varasjóður		163.209.735	132.383.930
Eigið fé samtals	39,40	203.865.418	168.960.413
Eigið fé og skuldir samtals		1.562.424.949	1.542.303.955

Utan efnahagsreiknings:

Skuldbindingar vegna viðskiptamanna	41

Sjóðstreymisyfirlit fyrir árið 2007

	Skýr.	2007	2006
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins	39	38.562.659	19.522.018
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur, gengismunur og verðleiðréttingar		(26.344.534)	(30.504.249)
Veltuhlutabréf, uppfærð		(59.591.583)	0
Framlag í afskriftareikning útlána	26	5.649.867	6.155.200
Tekjuskattur	30	(11.750.288)	0
Aðrir liðir		676.294	(22.175.926)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		1.616.954	23.018.200
Handbært fé til rekstrar		(51.180.631)	(3.984.757)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Kröfur á lánastofnanir, breyting		229.156.015	(335.273.646)
Útlán, breyting		5.330.383	63.909.523
Markaðsskuldabréf, breyting		(52.106.494)	(6.219.745)
Hlutdeildarfélög, breyting		(353.052)	(2.390.700)
Fjárfestingarhlutabréf, breyting		(49.253.739)	(74.935.295)
Keyptir rekstrarfjármunir		(1.294.465)	0
Fjárfestingarhreyfingar		131.478.648	(354.909.863)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Skuldir við lánastofnanir, breyting		2.889.778	6.761.093
Innlán, breyting		(43.252.313)	352.517.828
Lántaka, breyting		14.747.180	18.490.074
Ýmsar skuldir, breyting		3.377.375	5.283.821
Víkjandi lán, breyting		3.145.730	3.488.533
Greiddur arður af stofnfé	39	(3.657.653)	0
Fjármögnunarhreyfingar		(22.749.903)	386.541.349
Breyting á handbæru fé		57.548.114	27.646.729
Handbært fé í ársbyrjun		63.697.409	36.050.680
Handbært fé í árslok	13	121.245.523	63.697.409

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að öðru leyti en því að veltuverðbréf eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, hann er gerður í íslenskum krónum.

2. Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild sparisjóðsins í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild sparisjóðsins í tapi þeirra hærra en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema sparisjóðurinn hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

Erlendir gjaldmiðlar

3. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2007. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánum, lántöku og víkjandi lánum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum

5. Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

Þjónustutekjur

6. Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla meðal annars tekjur af ráðgjöf til fyrirtækja og annarra viðskiptamanna. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins þegar þær verða til.

Skatteign

7. Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi og matsverð eignarhluta í öðrum félögum er mun hærra en skattverð þeirra. Reiknuð skatteign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu af efnahagsliðum.

Tekjuskattur á hagnað eða tap ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki að hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll. Tekið er tillit til leiðréttinga vegna fyrri ára.

Útlán

8. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2008 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2007.

Afskriftareikningur útlána

9. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi.

Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

10. Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuhlutabréf.
Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsvirði í árslok.

Rekstrarfjármunir

11. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð.

Víkjandi lán

12. Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. skýringu 38. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok.

Handbært fé

13. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Aðrar rekstrartekjur

14. Gengishagnaður greinist þannig:

	2007	2006
Veltuskuldabréf	723	4.208
Veltuhlutabréf	46.639	25.262
Gjaldeyristengdar eignir og skuldir	(1.020)	(823)
Samtals	46.342	28.647

15. Ýmsar rekstrartekjur sundurliðast þannig:

Húsaleiga	600	100
Aðrar tekjur	407	1.531
Samtals	1.007	1.631

Starfsmannamál

16. Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

Fjöldi starfsmanna að meðaltali	5,2	5,4
Stöðugildi í lok árs	4,2	4,2

17. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	24.796	22.773
Launatengd gjöld	4.424	6.299
Laun og launatengd gjöld samtals	29.220	29.072

18. Laun og þóknanir til stjórnar og sparisjóðsstjóra sundurliðast þannig:

Sparisjóðsstjóri, Ingvi Þór Björnsson	10.210	8.671
Stjórnarformaður	800	720
Aðrir stjórnarmenn (6)	1.600	1.470
Samtals	12.610	10.861

19. Sparisjóðurinn hefur veitt stjórnarmönnum og sparisjóðsstjóra lán og nema þau 9,2 millj. kr. í árslok 2007. Í framangreindum fjárhæðum eru lán til atvinnurekstrar stjórnarmanna ekki meðtalin. Lánskjör eru hliðstæð og gerist við sambærilegar lánveitingar til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

20. Þóknun endurskoðenda sparisjóðsins sundurliðast þannig:

	2007	2006
Endurskoðun ársreiknings	1.424	1.021
Innri endurskoðun	1.099	1.933
Önnur þjónusta	2.342	1.384
Samtals	4.865	4.338

Kröfur á lánastofnanir

21. Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:

	2007	2006
Gjaldkræfar kröfur	132.351	71.927
Yfir 3 mánuði og allt að ári	170.241	402.233
Bundnar kröfur á Icebank hf. samkv. reglum um bindiskyldu	13.550	13.548
Samtals	316.142	487.708

Útlán

22. Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

Yfirdráttarlán	80.540	182.343
Afurða- og rekstrarlán	50.386	57.838
Víxlar	3.409	11.243
Skuldabréf	728.770	590.574
Samtals	863.105	841.998

23. Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

Ríki og sveitarfélög	4,3%	1,8%
Atvinnugreinar		
Landbúnaður	11,7%	12,1%
Sjávarútvegur	3,9%	1,1%
Verslun	4,2%	2,4%
Iðnaður og verktakar	6,0%	3,9%
Þjónusta	7,4%	2,8%
Einstaklingar	62,5%	75,9%
Samtals	100,0%	100,0%

24. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræf útlán	6.062	16.342
Allt að 3 mánuðir	46.194	21.751
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	91.996	81.227
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	192.371	199.236
Yfir 5 ár	526.482	523.442
Samtals	863.105	841.998

25. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána greinast þannig:

Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	209.509	245.657
Sérstakur afskriftareikningur útlána	(98.177)	(148.514)
Önnur vaxtalaus útlán	31.163	26.341
Óvaxtaberandi útlán samtals	142.495	123.484

Skýringar, frh.:

26. Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

	Afskriftareikningur Sérstakur	Afskriftareikningur Almennur	2007 Samtals	2006 Samtals
Afskriftareikningur útlána í byrjun ársins	148.514	20.840	169.354	203.753
Framlag í afskriftareikning á árinu	4.757	893	5.650	6.146
Endanlega töpuð útlán	(55.094)	0	(55.094)	(55.447)
Innkomið áður afskrifað	0	0	0	14.902
Afskriftareikningur útlána í lok ársins	98.177	21.733	119.910	169.354
Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum	11,1%	2,5%	13,6%	15,7%

Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum

27. Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Markaðsverð	Bókfært verð
Veltuskuldabréf:		
Önnur skráð bréf	89.497	89.497

28. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Veltuhlutabréf:	
Óskráð hlutabréf	114.247
Fjárfestingahlutabréf:	
Óskráð skuldabréf	135.725
Samtals	249.972

Fjárfestingarhlutabréf greinast þannig:

	Eignarhlutur	Arður	Nafnverð	Bókfært verð
Sænes hf., Grenivík	11,5%	1.204	74.200	74.200
Saga Capital Fjárfest.banki hf., Ak.	0,5%	0	44.000	50.600
Pharmartica ehf., Grenivík	11,1%	0	6.000	3.000
Tækifæri hf., Akureyri	0,3%	0	3.453	2.866
Creditinfo Group hf., Rvk.	0,1%	0	303	1.280
Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna hf., Rvk.	0,5%	0	967	974
FSP Holding ehf., Rvk	0,2%	0	817	817
Valitor hf., Rvk.	0,1%	616	821	666
Intrum á Íslandi ehf., Rvk.	0,1%	0	626	579
Kreditkort hf., Rvk.	0,1%	44	441	269
Eignarhlutir í 5 öðrum félögum		24	24	474
Fjárfestingarbréf, samtals		1.888		135.725

Skýringar, frh.:

29. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Hlutdeild í afkomu	Nafnverð	Bókfært verð
Reiknistofa bankanna, Rvk.	0,5%		1.321	1.321
Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Kópav.	0,3%	437	1.380	1.380
Hlutdeildarfélög samtals		437		2.701

Reiknuð skatteign

30. Breytingar á árinu greinast þannig:

Reiknuð skatteign í ársbyrjun	0
Reiknuð skatteign vegna ársins 2007	11.750
Reiknuð skatteign í árslok 2007	11.750

Reiknuð skatteign skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

Eignarhlutir í öðrum félögum	(13.360)
Rekstrarfjármunir	10
Yfirfæranlegt skattalegt tap, nýtanlegt til ársloka 2015	25.100
Reiknuð skatteign í árslok 2007	11.750

Aðrar eignir

31. Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húseignir og lóðir	Húsbúnaður skrifstofuáhöld	Samtals
Stofnverð 1.1.2007	12.446	5.975	18.421
Eignfært á árinu	1.295	0	1.295
Stofnverð 31.12.2007	13.741	5.975	19.716
Afskrifað áður	1.540	5.597	7.137
Afskrifað á árinu	214	0	214
Afskrifað samtals	1.754	5.597	7.351
Bókfært verð 31.12.2007	11.987	378	12.365
Afskriftarhlutföll	2%	20-33%	

Fasteignamat húseigna og lóða nam í árslok 57,0 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 179,7 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 12,6 millj. kr. í árslok.

Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

32. Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 732 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 563 millj. kr.

33. Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 97 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 46 millj. kr.

Skýringar, frh.:

Skuldir við lánastofnanir

34. Skuldir við lánastofnanir sundurgreinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

	2007	2006
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	0	172
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	40.230	36.856
Yfir 5 ár	0	313
Samtals	40.230	37.341

Innlán

35. Bundin innlán sundurgreinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Allt að 3 mánuðir	65.147	28.483
Yfir 3 mánuðir og allt að ári	37.190	36.067
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	79.483	103.602
Yfir 5 ár	42.280	33.912
Samtals	224.100	202.064

Lántaka

36. Lántaka er eingöngu í formi lána frá lánastofnunum og koma 22,0 millj. kr. til greiðslu innan árs frá uppgjörsdegi.

Víkjandi lán

37. Verðtryggð lán, vextir 6,5%, gjalddagi 2011	56.825	53.679

Eigið fé

38. Stofnfé sparisjóðsins nemur 36,6 millj. kr. og skiptist það á 79 aðila.

39. Yfirlit um eigið fé:

	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Eigið fé 1.1.2007	36.577	132.383	168.960
Sérstakt endurmat	1.829	(1.829)	0
Endurmat vegna verðlagsbreytinga	2.250	(2.250)	0
Greiddur arður		(3.657)	(3.657)
Hagnaður ársins		38.563	38.563
Eigið fé 31.12.2007	40.656	163.210	203.866

Skýringar, frh.:

40. Eigið fé í lok árs nemur 199,9 millj. kr. eða 12,8% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 14,3%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	Bókfærð staða	Vegin staða 2007	Vegin staða 2006
Áhættugrunnur			
Bókfærðar eignir	1.562.425	1.083.383	909.557
Eignir til frádráttar eigin fé		(120.680)	(26.496)
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings		18.248	16.463
Áhættugrunnur samtals		980.951	899.524
Eigið fé:			
Eiginfjárþáttur A:			
Bókfært eigið fé		203.866	168.960
Eiginfjárþáttur B:			
Víkjandi lán		56.825	53.679
Eignir til frádráttar eigin fé		(120.680)	(26.496)
Eigið fé samtals		140.011	196.143
Eiginfjárhlutfall		14,3%	21,8%

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

41. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

	2007	2006
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	18.248	17.783
Ónotaðar yfirdráttarheimildir	70.339	72.012